



Vélarljós gefur til kynna að einhver bilun sé í vélinni. Oft er um smávægilegar bilanir í skynjurum eða einhverju öðru að ræða. Ef ekki er um meiriháttar bilun að ræða þá er oft hægt að halda áfram en hafið samband við umboðsaðilann.



Aðalljósir eru á.



Hái ljósgeislinn er á. (háu ljósir)



Þokuljós eru á, eingöngu má nota þau **utanbæjar** og þá í slæmu skyggni. Slæmt skyggni er meðal annars skafrenningur, þoka eða öskufall. Slökkva ber á þokuljósum um leið og þessum aðstæðum léttir. Sekt er við notkun þokuljósa innanbæjar.



Stefnusljós eða hættuljós loga.



Eldsneyti er að verða búið.

**Karl Einar Óskarsson 847-2514**



Öryggisbeltin eru ekki spennt. Beltin eru prófuð með því að kippa snögg í þau.



Hitastig kælivatnsins er orðið of hátt og ber að stöðva vélina strax. Ekki er ráðlegt að athuga vatnsmagn eða bæta á vatnskassa fyrr en kælivatnið hefur fengið að kólna. Sé vatnskassinn opnaður heitur má búast við að heitt vatn gjósi og brenni einstaklinginn.  
( Á nýrri bílum kviknar oft gult ljós áður sem gefur til kynna að bæta þarf á frostlög.)



Afturrúðuhitarinn er á.




Miðstöðin látin hringsóla loftinu inn í bílnum en ekki tekið ferkst loft að utan. Notað þegar farið er í göng eða ekið í miklu ryki ( öskufalli )



Olíuprýstingur er of lágur. Þegar þetta ljós kviknar skal stöðva vélina **STRAX**. Athuga skal olíumagnið á vélinni. Ef olíumagnið er of lítið/ekkert er oftast nóg að bæta á olíu nema gat sér á olíupönnu eða síu. Ef nóg er af olíu er sennilega biluð olíudæla eða stífluð olíusía. Gera verður við þessa hluti áður en vélin er gangsett að nýju.

( Á nýrri bílum kviknar oft gult ljós áður sem gefur til kynna að bæta þarf á olíu.)



Kaflinn er útskiptur 047-2514



Ef hleðsluljónið kviknar skal strax athuga hvort viftureimin sé slitin ef svo er þá er ekki ráðlegt að láta vélina ganga þar sem viftureimin snýr bæði rafala og kælivatnsdælu sem sér um að dæla kælivatninu um vélina. Sé viftureimin heil þá er rafallinn að öllum líkindum bilaður.

Einnig getur viftureimin verið slök en þá heyrir að jafnaði mikið ískur.



Ef handbremsu/bremsuljós logar þá er oftast handbremsan á. Fari ljónið ekki af þegar handbremsan er tekin af þá er sennilega eitthvað að bremsukerfinu. Til að ganga úr skugga um hvort eitthvað sé að bremsukerfinu þá er vinstri fótur settur undir bremsupetalann og þrýst á hann með hægri fæti. Ná petalinn ekki fast niður á fótinn þá er í lagi með bremsurnar. Bremsupetalinn má ekki ganga neðar en 2/3.



ABS bremsukerfi (hælmælæsivörn) virkar ekki. Það þýðir ekki að bremsukerfi bifreiðarinnar sé bilað heldur eingöngu læsivörnin...



Loftpúði farþegameginn er virkur. Þegar loftpúðinn farþegameginn er virkur þá má ekki hafa BÖRN sem eru lægri en 150 cm í framsætinu.




Einhver loftpúði bifreiðarinnar er bilaður.




Vélarhitari á diesel bílum. Ekki skal setja í gang fyrr en þetta ljós hættir að loga.



Tappa þarf undan hráolíusíu á dieselbifreiðum.




Hálkuvörn á eða af. Hálkuvörn minnkar hættuna á að bifreiðin skriki til í háлку eða bleytu.



Fjór hjóladrifið er á.



**Karl Einar Óskarsen 847-2514**



Slöggt er á yfirgírun á sjálfskiptri bifreið. Er sama og fimmti gír á beinskiptum.

## Hvernig skipt er um dekk.

1. Leggja skal bílnum eins langt utan vegar og hægt er. Tryggja skal öryggi bílsins með því að setja í viðeigandi gír, **hættuljósin á** og handbremsuna á. Setja þríhyrninginn ca 50 til 100 m frá bílnum, lengra ef aðstæður eru þannig að eitthvað skyggi á bílinn svo sem blindhæð eða beygja.
2. Takið varadekk, felgulykil og tjakk, setjið hjá sprungna dekkinu.
3. Stilla tjakknum upp á réttan stað (*oft mynd á tjakknum*) og losa rærnar.
4. Tjakka bílinn upp í hæfilega hæð, þar til dekkið er ekki lengur í snertingu við jörð.
5. Losa rærnar og fjarlægja dekkið.
6. Varadekkið sett á og rærnar skrúfaðar þéttingsfast á.
7. Bílnum slakað niður og rærnar hertar að fullu.
8. Allt tekið saman og gengið frá með því að skrúfa allt fast á sinn stað.
9. Munið að láta gera við dekkið eins fljótt og hægt er. Setjið það strax undir því oft er varadekkið af annarri tegund eða minna slitið.



Svona myndir eru oftast í eigendahandbókinni (owners manual)

**Karl Einar Óskarsson 847-2514**  
Mælaborð í Toyota Auris

